

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Þuríður Guðmundsdóttir
Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0036
MH

**Efni: Verklýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – stakar
húsbyggingar á opnum svæðum í Hólmsheiði og Úlfarsárdal (OP15, OP28)**

Við er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um verklýsingu vegna áformaðrar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 varðandi heimildir um byggingu stakra húsa á opnum svæðum í Hólmsheiði (OP15) og innanverðum Úlfarsárdal (OP28). Breytingartillögur munu einkum ná til skilgreiningar landnotkunar á svæðunum en þó er eitt af markmiðum breytingartillagna að huga að verndun einstakra svæða eða frekari skilgreiningu þeirra sem útivistarsvæði, sbr. fyrirliggjandi stefnumörkun í rammaskipulagi Austurheiða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur það helsta sem þar þarf að koma fram vera til staðar en vill benda á eftirfarandi:

Skipulagssvæðið er í næsta nágrenni við svæði á gildandi náttúruuminjaskrá (C-hluta), þ.e. Úlfarsá og Blikastaðakró. Svæðið allt er mikið notað til útivistar og er að auki mikilvægt fyrir margs konar lífríki. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er starungsmýravist að finna á milli Reynisvatns og Langavatns en um er að ræða vistgerð með mjög hátt verndargildi sem er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í umhverfismati skipulagstillögunnar þarf að leggja mat á hvort uppbygging á svæðinu sem skipulagsbreyting felur í sér ógni lífríki á einhvern hátt, þ.m.t. gróðurfari/vistgerðum og fuglalífi. Einnig þarf að skoða hvort breytingarnar hafi áhrif á svæðið sem er á náttúruuminjaskrá, þ.m.t. Úlfarsá. Rétt væri að skoða hvort á svæðinu sé að finna sjaldgæfar plöntur sem eru á valista eða friðaðar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur